

kvöddu mönnunum verið metinn á kr. 6524.00, hefir hann gert þær dómkröfur, að stefndur verði dæmdur til að greiða sér f. h. nefndra Jóhanns Guðjónssonar og Jóns G. Pálssonar allt að kr. 5000.00 í þóknun ásamt 5% ársvöxtum frá stefnuþegi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu eftir mati réttarins og loks, að þeim verði til-dæmdur sjóveðréttur í m/b Fylki V. E. 14 til tryggingar nefndum kröfum.

Málskostnaður stefnanda nemur samkvæmt framlögð-um reikningi, er kemur heim við aukatekjulögin og lágmarksgjaldskrá Málflutningsmannafélags Íslands, kr. 814.20.

Stefndur hefir hvorki mætt né látið mæta, og verður því samkvæmt N. L. 1—4—32, tilskipun 3. júní 1796 2. gr. og tilskipun 15. ágúst 1832 8. gr. að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau koma heim við kröfur stefnanda, verða þær teknar til greina að öllu leyti.

Föstudaginn 19. nóvember 1937.

Nr. 117/1937. **Valdstjórnin** (Garðar Þorsteinsson)
gegn

Ásgrími Jónssyni (Lárus Jóhannesson).

Áfengislagabrot.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 14. sept. 1937: Kærður, Ásgrímur Jónsson, sæti fangelsi við venjulegt fanga-viðurværi í 3 mánuði. Hann greiði 3000 króna sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 80 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Í máli þessu er það sannað með eigin játningu kærða, sem styðst við framburð vitnisins Ólafar Andrésdóttur, að hann hafi stundað ólöglega áfengis-

sölu í atvinnuskyni frá því í septembermánuði 1936 til jafnlengdar 1937. Með tilliti til þess, að kærði hefir þrisvar áður verið dæmdur fyrir ólöglega áfengissölu, auk annara áfengislagabrota, og að því athuguðu, að hegningarákvæði nágildandi áfengisлага eru að miklum mun vægari en samskonar ákvæði áfengisлага nr. 64/1930, sem kærði var síðast dæmdur eftir, þá þykir refsing hans fyrir framangreint brot hæfilega ákveðin, samkvæmt 33. gr. áfengislaganna nr. 33/1935, 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 2500 króna sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 70 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði ber að staðfesta. Kærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflytningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 50 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Ásgrímur Jónsson, sæti 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og greiði 2500 króna sekt til menningarsjóðs, er aflánist með 70 daga einföldu fangelsi, ef hún er ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Svo greiði og kærði allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflytningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarmálflytningsmannanna Garðars Þorsteinssonar og Lárusar Jóhannessonar, 50 krónur til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Ásgrími Jónssyni, atvinnulausum, til heimilis á Hverfisgötu 32 hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935.

Kærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 16. júlí 1899, og hefir, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

- 1919 $1\frac{1}{2}$ Sætt 20 kr. sekt fyrir lögreglubrot.
- 1919 $\frac{7}{2}$ Dæmdur í landsyfirrétti eftir 230. gr., 277. og 276. sbr. 272. gr. hinna alm. hegningarlaga frá $2\frac{5}{8}$ 1869 í 3×5 daga fangelsi við vatn og brauð, skilorðsbundið.
- 1921 $2\frac{5}{8}$ Sætt kærnu fyrir svik með tékkávisun. Málið sent til dómara.
- 1921 $1\frac{5}{11}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1921 $\frac{9}{12}$ Sætt 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1922 $2\frac{3}{4}$ Sætt 250 kr. sekt fyrir ölvun og fyrir að smygla áfengi í land úr erlendu skipi.
- 1922 $1\frac{4}{6}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1923 $\frac{5}{6}$ Dæmdur í aukarétti Reykjavíkur eftir 256. gr. sbr. 255. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 1869 í 8 mánaða betrunarhúsvinnu.
- 1923 $\frac{1}{7}$ Sætt 200 kr. sekt fyrir bannlagabrot.
- 1924 $1\frac{3}{8}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1924 $3\frac{1}{8}$ Sektaður í lögreglurétti Reykjavíkur um 500 kr. fyrir ólöglega áfengissölu.
- 1924 $1\frac{3}{10}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1924 $1\frac{4}{10}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1925 $1\frac{1}{4}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1925 $1\frac{8}{6}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1925 $\frac{9}{11}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1926 $\frac{1}{2}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1926 $2\frac{3}{4}$ Sætt 155 kr. skaðabótum fyrir spjöll á klæðnaði lögregluþjóns.
- 1926 $1\frac{8}{12}$ (sic) Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1926 $2\frac{3}{11}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur. 1500 kr. sekt og 30 daga einfalt fangelsi fyrir ólöglega áfengissölu.

- 1927 $1\frac{1}{2}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1927 $1\frac{1}{8}$ (sic) Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1928 $2\frac{5}{6}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1928 $1\frac{8}{7}$ Sætt 75 kr. sekt fyrir áfengislagabrot.
 1928 $\frac{1}{6}$ Sætt 100 kr. sekt fyrir samskonar brot.
 1928 $1\frac{1}{2}$ Kærður fyrir ölvun; málið sent til dómara.
 1929 $2\frac{5}{2}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1929 $2\frac{9}{9}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1930 $3\frac{1}{7}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1930 $2\frac{5}{8}$ Sætt 60 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1931 $2\frac{8}{11}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 2000 kr. sekt fyrir ólöglega áfengissölu.
 1932 $1\frac{3}{6}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1932 $2\frac{9}{11}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1932 $1\frac{3}{12}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1933 $2\frac{5}{7}$ Sætt 800 kr. sekt fyrir ólöglegt áfengi í vörzlu.
 1933 $1\frac{8}{11}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1933 $2\frac{1}{12}$ Sætt 200 kr. sekt fyrir ólöglegt áfengi í vörzlu.
 1934 $2\frac{2}{8}$ Sætt 200 kr. sekt fyrir áfengislagabrot.
 1934 $3\frac{1}{12}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1935 $2\frac{0}{2}$ Kærður fyrir ölvun; látið niður falla.
 1935 $1\frac{9}{8}$ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1936 $5\frac{1}{2}$ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1937 $1\frac{1}{6}$ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1937 $2\frac{7}{8}$ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Með játningu kærðs er það sannað, að frá því í september 1936 hefir hann stundað ólöglega áfengissölu í atvinnuskyni. Kveðst hann hafa keypt í áfengisverzluninni oftast annan hvern dag 1—5 flöskur af brennivini, er selt er á 7 og 8 krónur flaskan, og síðan selt þær aftur með 2 króna álagningu á flöskuna. Á umræddum tíma hefir kærður engar tekjur haft aðrar en þær, sem áfengissala þessi hefir gefið af sér, en þær hafa nægt til framfæris honum.

Með áfengissölu þessari hefir kærður gerzt brotlegur við 15. gr. sbr. 33. gr. 1. og 2. mgr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935, og þykir refsing hans, með tilliti til fyrri brota hans, hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 3 mánuði og 3000 króna sekt til menningar-

sjóðs, er afplánist með einföldu fangelsi í 80 daga, verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði og allan kostnað sakarinnar.

Rekstur málsins hefir verið vitalaus.

Föstudaginn 19. nóvember 1937.

Nr. 118/1937. **Valdstjórnin** (Stefán Jóh. Stefánsson)

gegn

Axel Ármanni Þorsteinssyni

(Jón Ásbjörnsson).

Áfengislagabrot.

Dómur lögegluréttar Reykjavíkur 14. sept. 1937: Kærði, Axel Ármann Þorsteinsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 30 daga og greiði 1500 króna sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 55 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Þar sem ekki þykir ástæða til að efast um, eftir því sem fyrir liggur, að kærði hafi gerzt sekur um brot það, sem hann hefir játað á sig í máli þessu, þótt ekki sé upplýst um neinar einstakar sölur áfengis af hans hendi, og með því að fallast má á forsendur og niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, þá ber að staðfesta hann, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá lögbirtingu dóms þessa.